

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 2410/92**frá 23. júlí 1992****um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3975/87 sem setur reglur um beitingu samkeppnisreglna gagnvart fyrirtækjum á sviði flutninga í lofti**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 87. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3975/87 ⁽⁴⁾ var hluti af samþátta ráðstöfunum sem ráðið samþykkti að skyldu marka fyrsta skref í þá átt að ljúka myndun innri markaðar bandalagsins á sviði flutninga. Gildissvið reglugerðarinnar var því í samræmi við það takmarkað við millilandaflug milli bandalagsflugvalla.

Framkvæmdastjórnin hefur því nú ekki nein tiltæk ráð til þess að rannsaka milliliðalaust tilvik þar sem grunur leikur á broti á 85. og 86. gr. sáttmálans og skortir völd til að taka ákvarðanir eða setja viðurlög þau sem nauðsynleg eru til að hún geti heimilað samninga samkvæmt 3. mgr. 85. gr. og bundið enda á brot sem framkvæmdastjórnin hefur sannreynt varðandi flutninga innan aðildarríkis bandalagsins.

Flutningar í lofti sem fara að öllu leyti fram innan aðildarríkis eru nú einnig háðir ráðstöfunum bandalagsins í frjálsræðisátt. Því þarf að setja reglur sem gera framkvæmdastjórninni kleift að grípa til nauðsynlegra ráðstafana í nánú og stöðugu samstarfi við lögbær yfirvöld aðildarríkja við framkvæmd 85. og 86. gr. sáttmálans á þessu sviði flutninga í lofti, í tilvikum þar sem áhrifa kann að gæta á verslun milli aðildarríkja.

Nauðsynlegt er að leiða í lög öruggar og skýrar reglur um flutninga í lofti innan aðildarríkis um leið og tryggt er innbyrðis samræmi í beitingu samkeppnisreglna. Af þessum sökum er gildissvið reglugerðarinnar (EBE) nr. 3975/87 fært út og látið taka til þessa sviðs flutninga í lofti.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Orðhlutinn „millilanda“ er hér með felldur brott úr 2. mgr. 1. gr. í reglugerð (EBE) nr. 3975/87.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. júlí 1992

Fyrir hönd ráðsins,

J. COPE

forseti.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. C 255, 30. 8. 1991, bls. 9.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. C 125, 18. 5. 1992, bls. 113.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. C 169, 6. 7. 1992, bls. 13.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. C 374, 31. 12. 1987, bls. 1.